

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurjón Njarðarson, f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur í gegnum Teams Samskiptaforrit
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurjón Njarðarson, f.h. formanns	<i>Dagsetning:</i>	30. mars 2021
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 14:00

Pátttakendur: Gísli Jónsson (Staðganga formanns, Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), Klara Björk Jakobsdóttir, f.h. Hafrannsóknarstofnunar) og Sigurjón Njarðarson (lögfræðingur dýraheilsu, Matvælastofnun – Starfsmaður fisksjúkdómanefndar).

Dagskrá

1. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um innflutning á gullinrafa (seriola)
2. Önnur mál.

Umræða

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíaldi

- Frá sjónarmiði sjúkdóma og stöðu sjúkdóma í útflutningslandi, auk annarra fyrirliggjandi gagna, þar með talið að væntanlegt eldi verði í landeldisstöð með viðurkenndum búnaði, veitir fisksjúkdómanefnd umsókn þessari jákvæða umsögn. Nefndin áréttar þó, að nú sem endranær ber að gæta fyllstu varúðar við framkvæmd innflutnings nýrra tegunda til landsins og að ef frávik verða frá upphaflegum áætlunum eða að óvæntir atburðir s.s. varðandi sjúkdóma kom í ljós verði það jafnskjótt tilkynnt þar til bærum yfirvöldum.

2. Önnur mál

- Tillaga formanns um breytingar á vinnureglum. Í stað þess að nefndin fundi með reglulegum hætti, muni formaður boða nefndina á fund eftir því sem aðstæður krefjast. Tillagan samþykkt ánathugasemda.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00.